

Hafnarfjörður 22.1.2013

Svör við athugasemdum vegna breytingar á deiliskipulagi Athafnasvæðis hestamannafélagsins Sörla í Hafnarfirði

Hér með send umsögn skipulags- og byggingarráðs um innkomna athugasemd við breytingu á Athafnasvæðis hestamannafélagsins Sörla. Tillagan var auglýst samkvæmt 1. mgr. 43. gr. greinar skipulagslaga nr. 123/2010 og lauk athugasemdafresti 12. desember 2012.

Athugasemdir voru gerðar við:

1. að hestúsalóðum er fjölgað
2. að umferð aukist um Kaplaskeið vegna fjölgunar hestúsa og aukins byggingarmagns
3. að gæði hestúss að Kaplaskeiði 22 rýrni vegna aukinnar umferðar og að útsýni skerðist í átt að Helgafelli og Bláfjöllum
4. að lóðirnar Fluguskeið 3 og Sörlaskeið 7 voru ekki felldar út

Svör:

1. Hestúsalóðum hefur verið fækkað um fjórar lóðir
2. Byggingarmagn á svæðinu minnkar um 1510 m²
3. Umferð mun frekar minnka en aukast á svæðinu. Hús á lóð Kaplaskeiðs 23 mun skerða útsýni frá Kaplaskeiði 22 en sú lóð er í gildandi skipulagi og er óbreytt
4. Lóðin Fluguskeið 3 hefur verið felld niður en ekki er hægt að fella út lóðina Sörlaskeið 7 þar sem henni hefur verið úthlutað.

Nýtt deiliskipulag er hægt að kæra til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála Skúlagötu 21, 101 Reykjavík innan eins mánaðar frá birtingu samþykktarinnar í b-deild Stjórnartíðinda samkvæmt 52. gr. laga nr. 123/2010.

Þegar kæra til úrskurðarnefndar er lögð fram er mikilvægt að fram komi hvaða ákvörðun það er sem kærð er, hvernig hún snerti hagsmuni kæranda og hvaða kröfur séu gerðar. Æskilegt er að kærinni fylgi tiltæk gögn, svo sem afrit fundargerða stjórnvalds er varða hina kærðu ákvörðun og bréfaskipti um málið sem kunna að hafa átt sér stað milli kæranda (kæranda) og þess stjórnvalds er tók hina kærðu ákvörðun.

Með kveðju,

Málfríður Kristjánsdóttir arkitekt

Skipulags- og byggingarsvið Hafnarfjarðar